

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2022 (til 2024)¹

Tillögur sendar stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál 3. febrúar 2022

Heiti verkefnisins	Forgangsverkefni fjölmeningarráðs
Númer verkefnis ²	2022-09
Markmið	Markmiðið er að auka vægi fjölmeningar í landshlutanum, sækja í auknum mæli skoðanir fólks af erlendum uppruna og vinna staðfast að hagsmunum þessa ört stækkandi hóps á svæðinu.
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Fjölmeningarráð hefur forgangsraðað þeim hugmyndum og verkefnum sem það mun vinna á árinu 2022. Sótt er um fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við eftirfarandi verkþætti:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Fullmanna fjölmeningarráð með því að bæta við 2 erlendum íbúum sem hafa búið skemur en 5 ár á Íslandi2. Uppfæra fjölmeningarstefnu og fylgja eftir að öll aðildarsveitarfélög nýti hana til grunngerðar eigin fjölmeningarstefnu3. Aðstoða öll sveitarfélög við að vinna, og framfylgja, aðgerðaáætlun fjölmeningarstefnu4. Tryggja að móttökuáætlun barna af erlendum uppruna í öllum grunnskólum á svæðinu sé skólastjórnendum kunn og henni framfylgt5. Bæta aðgengi innflytjenda að upplýsingum SSNE á erlendum tungumálum <p>Fjölmeningarráð er skipað fulltrúum 11 sveitarfélaga á Norðausturlandi og í því eru 2 innflytjendur sem báðar hafa verið búsettar á Íslandi til fjölda ára. Til að tryggja að rödd innflytjenda sem hafa verið hér á landi skemur, þarf að greiða utanaðkomandi meðlimum fyrir þátttöku og fundarsetu ráðsins. Fjölmeningarráð metur það sem verkefni í hæsta forgangi að öll aðildarsveitarfélögin móti sér skýra fjölmeningarstefnu sem byggir á Fjölmeningarstefnu SSNE fyrir landshlutann, og að slíkum stefnum fylgi aðgerðaáætlun. SSNE mun aðstoða við gerð þessara tveggja skjala á vinnufundum með hverju sveitarfélagi og fylgja reglubundið eftir framfylgd aðgerðaáætlanna.</p> <p>Skv. grunnskólalögum (16.gr.) er kveðið á um að skólar skuli taka á móti nemendum sem eru að hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags en ljóst er að víða er pottur brotinn í móttöku erlendra barna. Þetta er mál sem fjölmeningarráð SSNE vill beita sér í og tryggja úrbætur á.</p> <p>Nauðsynlegt er að fara í gagnert átak til að gera efni og upplýsingar SSNE aðgengilegar á erlendum tungumálum en efnið er í dag eingöngu til á íslensku. Hafist var handa að þýða hluta efnis Uppbyggingarsjóðs yfir á ensku en því verki er ekki lokið og töluverð þýðingavinna er framundan sem gjarnan mætti vinna í samstarfi við önnur landshlutasamtök.</p>
Málaflokkur	Innflytjendur og fjölmening

¹ Landshlutunum er í sjálfsvald sett til hvers langs tíma áhersluverkefni ná. Ná þau til lengri tíma en eins árs þá eru settir fram fyrirvarar um samþykkt fjárlaga hvers árs.

(tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	
Framkvæmdaaðili	SSNE í samstarfi við 11 sveitarfélög í gegnum aðild þeirra að fjölmeningarráði SSNE
Samstarfsaðilar	11 aðildarsveitarfélög SSNE
Tengsl við sóknaráætlun	Í endurskoðaðri sóknaráætlun landshlutans var aukin áhersla lögð á fjölmeningu og í kjölfarið var fjölmeningarráð SSNE stofnað. Í atvinnuþróunar og nýsköpunarluta er talað um að standa vörð um hagsmuni jaðarbyggða en í sumum brothættari byggðum svæðisins er hlutfall erlendra íbúa yfir 25%. Í framtíðarsýn menningarhluta segir: *aukið vægi fjölmeningar“. Í menningarhlutanum er einnig talað um að auka fjölbreytileika og tryggja aðgengi ólíkra hópa að menningu og menningararfi en skortur á upplýsingagjöf er ein hindrun þess að þetta nái fram að ganga.
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Heimsmarkmið nr. 10 – Aukinn jöfnuður og þá sér í lagi grein 10.2 og 10.3.
Árangursmælikvarðar	<ol style="list-style-type: none"> 1. Fjölmeningarráð fullskipað með 2 nýjum fulltrúum erlendra íbúa. 2. Fjölmeningarstefna og aðgerðaáætlun til staðar í öllum aðildarsveitarfélögum. 3. Heimasíða SSNE aðgengileg á allt að 10 tungumálum. 4. Sóknaráætlun og umsóknarskjöl uppbyggingarsjóðs landshlutans aðgengileg á ensku.
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Fundir verða haldnir reglulega í fjölmeningarráði sem vinnur eftir starfsáætlun sem er gerð opinber á heimasíðu SSNE. Árangursmarkmið eru sett í upphafi árs og fréttir af framgangi þess eru birtar reglulega. Heimasíðan og helstu skjöl Uppbyggingarsjóðs NE eru þýdd yfir á erlend tungumál og þar með gerð aðgengilegri fleiri íbúum landshlutans.
Upphaf og lok verkefnis	01.02.2022 - 31.12.2022

Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Fundarhöld fjölmeningarráðs			
	Laun 2 meðlima fyrir fundarsetu	32.500 kr	2 x 4klst	260.000 kr
	Staðarfundur	200.000 kr	1	200.000 kr
	Vinna við fjölmeningarstefnu			
	Bílaleigubíll	25.000 kr	8	200.000 kr
	Gisting	20.000 kr	2	40.000 kr
	Þýðingavinna			
	Útboðin þýðingavinna	800.000 kr	1	800.000 kr
	Samtals			1.500.000 kr
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.500.000 kr.			
Mótframlag (ef við á)	Vinna verkefnisstjóra SSNE að málum fjölmeningar út í gegnum árið			
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Lög um málefni innflytjenda. 2012 nr. 116. https://www.althingi.is/lagas/146a/2012116.htm			